

Viðauki V

Áherslur í tengslum við þjónustu við íbúa.

Fulltrúar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps í samstarfsnefnd hafa í vinnu sinni við skoðun á sameiningu sveitarfélaganna verið sammála um að leggja áherslur á áframhaldandi gott þjónustustig fyrir alla íbúa sveitarfélaganna.

Uppbygging íþróttamannvirkja sem þarf að nýtast vel öllum aldurshópum. Nú standa framkvæmdir yfir í Borgarnesi á fjölnota knatthúsi sem mun nýtast fólki á öllum aldri allt árið um kring. Vinna er farin af stað við hönnun og skipulag á parkethúsi og endurskipulagningu á íþróttahúsinu í Borgarnesi og áformað að verklegar framkvæmdir hefjist árið 2026 – 2027.

Borgarbyggð hefur gert samning um uppbyggingu og leigu á húsnaði fyrir nýja slökkvistöð á Hvanneyri. Mannauður slökkviliðsins er öflugur á því svæði og fjölmennastur fyrir utan Borgarnes. Sú starfsstöð og aðstaða er mikilvæg til að tryggja gott viðbragð sem mun nýtast íbúum og sumarhúsaeigendum í Skorradal og nágrenni vel.

Sveitarfélögin leggja áherslu á góða þjónustu við alla íbúa í tengslum við sorpmál og mikilvægi þess að greiðlegt sé að losa sorp. Gámastöðvar séu aðgengilegar og í hóflegri fjarlægð. Á þeim svæðum sem stórar sumarhúsabyggingar eru er mikilvægt að tryggja að umgengni og sorphirða sé góð. Skorradalshreppur leggur mikla áherslu á að sorpþjónusta verði ekki skert frá því sem nú er og að áfram verði sorpmóttaka fyrir allt sorp í Skorradal á núverandi móttökuplani á Mófellsstöðum. Ef í ljós kemur að stöðin þarf að vera mönnuð er hægt að útfæra það í samráði við heimamenn.

Sveitarfélögin leggja áherslu á að skipulag snjómoksturs sé gott og taki mið af því að flest allir íbúar sveitarfélaganna þurfa að sækja vinnu, skóla og þjónustu flesta daga ársins.

Skorradalshreppur leggur einnig áherslu á að öryggismyndavélar sem hafa verið settar upp til að tryggja öryggi íbúa og sumarhúsaeigenda verði viðhaldið. Þær hafa sannað mikilvægi sitt og tryggt að leyst hefur verið greiðlega úr þeim málum sem hafa komið upp.

Sveitarfélögin leggja áherslu á að félagsþjónusta og þjónusta við eldri borgara taki mið af þörfum samtímans og ólíkum þörfum fjölbreytts og vaxandi hóps eldra fólks. Það sé gert t.d með öflugum samstarfi HVE og sveitarfélaganna í samþættingu á þjónustu við eldri borgara, heilsueflingarverkefnum eins og Janusi heilsueflingu og fjölbreyttri aðstöðu og verkefnum tengdum tómstundum og félagsstarfi.